

# Starfsáætlun



leikskólans Birkilundar

**veturinn 2017-2018**

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	3
2. Hagnýtar upplýsingar .....	3
3. Skólahúsnæði.....	3
3.1. Stærð og einkenni .....	4
3.2. Leikskólalóð.....	4
3.3. Umhverfi .....	5
3.4. Nauðsynlegt viðhald og endurbætur .....	5
4. Fæðismál .....	7
5. Starfsrammi .....	8
5.1. Barnafjöldi og lengd dvalartíma .....	8
5.2. Aðlögun og flutningur milli deilda .....	9
6. Starfsmannahald .....	9
6.1. Fjöldi starfsmanna, starfshlutfall og menntun .....	9
6.2. Skipurit.....	10
6.3. Starfsþróunarsamtöl.....	10
6.4. Símenntunaráætlun.....	11
7. Áhersluatriði leikskólans .....	12
7.1. SMT.....	12
7.2. Tákn með tali .....	14
7.3. Stig af stigi .....	14
7.4. Leikur að læra .....	14
7.5. Námskrá.....	14
8. Skólastarfið.....	15
8.1. Starfið á Reynilandi .....	15
8.2. Starfið á Kvistalandi og Könglalandi.....	14
8.2.1. Elsti árgangur leikskólans.....	16
8.3. Proski og framfarir.....	17
9. Samstarf leik- og grunnskóla.....	18
9.1. Gaman saman.....	18
10. Stoðþjónusta .....	18
11. Foreldrasamstarf .....	19

11.1.	Foreldrafélag .....	19
11.2.	Foreldraráð.....	19
11.3.	Foreldrafundir og -viðtöl.....	19
12.	Sérstök verkefni .....	20
13.	Innra mat .....	20
14.	Ýmsar áætlanir .....	21

## 1. Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 ber að gefa árlega út starfsáætlun fyrir leikskólann þar sem gerð er grein fyrir starfseminni, svo sem skóladagatali og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans. Gerð er grein fyrir skólahúsnæðinu og nánasta umhverfi leikskólans, barnafjölda, starfsmannahaldi og ýmsum verkfærum og matslistum sem notaðir eru. Sett fram áætlun um það hvernig við ætlum að vinna með börnunum og hvernig samstarfi við foreldra er háttað. Með þessu á að vera komið heildstætt yfirlit yfir starfið og það sem því tengist og hefur áhrif á það hvernig unnið er. Foreldraráð hefur lesið áætlunina og fylgir umsögn þess með, sjá fylgiskjal 1.

## 2. Hagnýtar upplýsingar

Opnunartími 7:45-16:15

sími 4538215, sími á Reynilandi: 5718215

netfang: [birkilundur@skagafjordur.is](mailto:birkilundur@skagafjordur.is)

netfang á Könglalandi: [konglaland@skolar.skagafjordur.is](mailto:konglaland@skolar.skagafjordur.is)

netfang á Kvistalandi: [kvistaland@skolar.skagafjordur.is](mailto:kvistaland@skolar.skagafjordur.is)

netfang á Reynilandi: [reyniland@skolar.skagafjordur.is](mailto:reyniland@skolar.skagafjordur.is)

heimasíða: <http://birkilundur.skagafjordur.is>

Leikskólastjóri: Steinunn Arnljótsdóttir

Staðgengill leikskólastjóra/deildarstjóri Kvistalands: Sigríður Helgadóttir  
[sigridurh@skagafjordur.is](mailto:sigridurh@skagafjordur.is)

Deildarstjóri Könglalands: Kolbrún Jónsdóttir [kolbrunj@skagafjordur.is](mailto:kolbrunj@skagafjordur.is)

Deildarstjóri Reynilands: Guðbjörg Sigfúsdóttir [guðbjorgs@skagafjordur.is](mailto:guðbjorgs@skagafjordur.is)

Forföll barna á Könglalandi og Kvistalandi skal tilkynna í síma 4538215 eða á netföng deildanna. Forföll barna á Reynilandi skal tilkynna í síma 5718215 eða á netfang deildarinnar.

Stofnaðir hafa verið lokaðir hópar á Facebook fyrir hverja deild. Þar eru settar inn myndir og frásagnir úr starfinu. Eingöngu foreldrar barna við Birkilund og starfsfólk á hverjum tíma geta verið meðlimir í þessum hópum.

## 3. Skólahúsnæði

Birkilundur er staðsettur við Furulund í Varmahlíð. Hann liggur samsíða þjóðvegi 1 og er aðeins gata og grasrimi þar á milli. Birkilundur er timbureiningahús, sem var reist árið 1998. Leikskólastarfsemi hófst í húsinu í febrúar 1999. Leikskólinn nýtir einnig Furulund 5, sem er timburhús í sumarbústaðastíl, og Reyniland, sem stendur

við Þjóðveginn í húsnæði þar sem áður var pósthús í Varmahlíð. Auk þess er 6 fm leikfangaskúr í garðinum við Birkilund. Skúrinn er úr timbri, hann er óupphitaður og ekkert rafmagn í honum. Á Reynilandi er lítil geymsla áföst við húsið, steyppt en óupphituð og gengið inn í hana utanfrá, sem nýtt hefur verið sem leikfangageymsla. Nú í byrjun október var settur 6 fm geymsluskúr í garðinn þar sem hægt er að geyma barnakerru deildarinnar og útileikföng.

### 3.1. Stærð og einkenni

Leikskólastarfsemin fer fram í þremur húsum. Stærð Birkilundar er 185 fm og er gert ráð fyrir að þar geti verið 28 börn, sem skiptast þannig að á Kvistalandi geta verið 13 börn og á Könglalandi 15 börn. Reyniland er 80 fm og þar geta verið 11 börn. Alls eru því rými fyrir 39 börn í leikskólanum miðað við þessi 2 hús. Furulundur 5 er 50 fm. Það húsnæði er nýtt fyrir fundi og foreldraviðtöl. Óskað hefur verið eftir því að þar verði gerð undirbúningaástaða fyrir starfsfólk, fundaherbergi og skrifstofa skólastjóra, enda er sú ástaða ekki viðunandi í Birkilundi þar sem kaffistofan er jafnframt nýtt sem undirbúningsástaða kennara og fundaherbergi. Starfsmannainngangur í Birkilundi er mjög þröngur og lítið pláss til að hengja upp utanyfirfatnað. Engin ástaða er fyrir starfsfólk til þess að geyma persónulega muni. Eldhúsið er of lítið og illa búið tækjum til þess að hægt sé með góðu móti að elda þar fyrir 50 manns. Eldað hefur verið fyrir leikskólann í mötuneyti Varmahlíðarskóla en í haustfríi þurfti þó að notast við aðstöðuna í Birkilundi og elda þar. Líkur eru til að það verði einnig raunin á meðan starfsmenn í mötuneyti Varmahlíðarskóla eru í jólafríi, vetrarfríi og páskafríi. Aðra lausn verður að finna fyrir sumarið til þess að hægt sé að bjóða upp á fjölbreyttan og hollan mat.

Bílastæðið við Birkilund rúmar 10 bíla sem rétt dugir fyrir starfsmannabíla. Þar verða oft mikil þrengsli á morgnana þegar skólabílar eru að skila af sér börnum á sama tíma og foreldrar. Einnig skapast oft örtröð um fjögurleitið á daginn. Nokkur tjón hafa orðið á bílum á bílastæðinu vegna þrengsla. Við Reyniland er oft mikil umferð. Einnig er þar oft áningarstaður ferðafólks og sér þess merki í ruslatunnum.

### 3.2. Leikskólalóð

Heildarstærð lóðar við Birkilund er 2.135 fm. Leiksvæði barnanna er um 1.400 fm. Leiksvæðið býður upp á ýmsa möguleika, þar eru fjölbreytt leiktæki, stór stétt, göngustígar og brekka. Það er stór sandkassi, 6 rólur (þar af 2 fyrir eins árs börn), kastali með rennibraut og ruggudýr af mismunandi stærðum. Það eru til nokkur

þríhjól og 2 stórar gröfur, sem eru geymd í leikfangaskúr þegar þau eru ekki í notkun.

Leiksvæðið við Birkilund er mjög skjólsælt þar sem það er skógur nánast allt í kring. Þetta gerir það af verkum að það er nánast aldrei svo hvasst eða vont veður að ekki sé hægt að fara út í garðinn. Á móti kemur að snjó tekur seinna upp og svell sitja oft lengi á lóðinni þar sem hláka virkar ekki eins vel í logninu.

Leiksvæðið við Reyniland er 320 fm. Þar eru rólur, rennibraut og sandkassi. Það eru stór tré að vestanverðu í garðinum og tvö norðanvið. Það er smá brekka upp að trjánum að vestanverðu í garðinum. Sólin nær ekki að skína í garðinn eftir hádegið þar sem stórar aspir ofan við garðinn skyggja á.

### 3.3. Umhverfi

Umhverfi leikskólans er mjög fjölbreytt. Þar er mikill trjágróður og móar og melar fyrir ofan. Við Furulundinn er skógarreitir sem Skógræktarfélag Skagafjarðar á. Eru trén þar orðin hávaxin og veita gott skjól í leikskólagarðinum auk þess sem þar er kjörið útivistarsvæði. Reyniland stendur nálægt þjóðveginum og við hliðina á verslun kaupfélags Skagfirðinga í Varmahlíð. Það er því mikil umferð í nágrenni deildarinnar og ekki nein auðveld gönguleið þaðan. Þó er stígur upp brekkuna vestan við og hægt að fara þar með gangandi börn. Varmahlíðarhverfið er byggt austan í Reykjarhólnum. Reykjarhólsskógur þekur mestan hluta hólsins, göngustígar eru víða um skóginn og alla leið upp á topp. Á toppnum er hringsjá og mikið og fallegt útsýni. Húseyjarkvíslin rennur neðan við Varmahlíðarhverfið og er í stuttu göngufæri frá leikskólanum. Þar er oft fjörugt fuglalíf. Helsta kennileitið við kvíslina er Hestavígshamar, sem staðsettur er alveg við kvíslina austurundan Víðimel. Í klettinum er hrafnshreiður sem fram að þessu hefur yfirleitt verið verpt í á vorin.

Leikskólinn hefur fengið leyfi hjá Skógræktarfélagi Skagafjarðar til að nýta skóginn norðan við Furulund. Þar höfum við komið upp greinakofa og netum til að klifra í eða sitja í. Einnig eru þar kaðlar sem hægt er að ganga eftir. Þetta svæði er nýtt fyrir litla hópa eftir því sem tækifæri gefst.

### 3.4. Nauðsynlegt viðhald og endurbætur

Í desember 2013 kom starfsmaður frá Vinnueftirlitinu í reglubundið eftirlit í Birkilund. Voru gerðar athugasemdir í 18 tölusetnum liðum. Leikskólastjóri sendi Vinnueftirlitinu skýrslu, dagsetta 17.7.2014 um úrbætur sem hefðu verið gerðar varðandi athugasemdir 1-4 og 9-17, sem fólust í því að gera áætlun um öryggi og

heilbrigði, kjósa öryggistrúnaðarmann og senda hann á námskeið ásamt öryggisverði, setja tröppu við skiptiborð, veita fræðslu í líkamsbeitingu og vinnutækni, setja upp gluggatjöld til að draga úr hitaálagi vegna sólar, hafa sýnileg öryggisblöð fyrir hættuleg efni, setja læsingu á ræstikompu og handrið á tröppur í garði. Þá höfðu ekki verið gerðar úrbætur varðandi athugasemdir 5-8. Þar voru gerðar athugasemdir við þrengsli í fataherbergi barna, þrengsli á skrifstofu leikskólastjóra, búningsaðstöðu starfsfólks, þar sem vantaði læsanleg hólfi fyrir persónulega muni, og að kaffistofa og undirbúningsaðstaða starfsmanna væri í sama herbergi. Þann 12. október síðastliðinn kom fulltrúi frá vinnueftirlitinu til að gera úttekt á húsnæði og aðstöðu á Reynilandi. Engar athugasemdir voru gerðar við þá aðstöðu. Í skýrslu eftirlitsmannsins fyrir Birkilund hafði verið merkt við að úrbætur hefðu verið gerðar varðandi allar athugasemdir sem fram hefðu komið í eftirlitinu 2013. Leikskólastjóri gerði athugasemd við það og sagði að ekki hefðu verið gerðar úrbætur á ofantöldum þáttum. Eftirlitsmaðurinn kom í Birkilund 31. október og staðfesti fyrri athugasemdir. Hann gerði einnig athugasemdir við loftræstingu í þvottahúsi.

Á síðasta ári voru lagðar fram óskir um ýmsar breytingar á húsnæði Birkilundar og lagfæringar á Furulandi til þess að bæta aðeins úr þessum þáttum en ekki fékkst fjárveiting til þeirra framkvæmda á þessu ári. Í þeim tillögum sem þá voru lagðar fram kom fram að það væri hugsanlega hægt að bæta aðstöðuna eitthvað með því að útbúa í Furulandi undirbúningsaðstöðu fyrir starfsmenn, skrifstofu leikskólastjóra og viðtalsherbergi. Það mundi þó skapa óhagræði að þurfa að fara á milli húsa með ýmsan efnivið og óhagstætt að leikskólastjóri sé ekki í tengslum við starfið á deildum. En þetta gæti bætt aðstöðuna til bráðabirgða þar til varanleg lausn hefur fengist á húsnæðismálunum.

Það kom fram hugmynd um að setja upp læsanlega skápa í forstofu en færa fatahengi með kuldagöllum og regnfatnaði inn í þvottahús/ræstiaðstöðu. Það er líka bráðabirgðalausn þar sem hreinn þvottur og blautir gallar á ekki vel saman.

Til að bæta aðstöðu í fataherbergi barna þyrfti að stækka op þar inn með því að stytta vegg að norðan. Það gæti verið möguleiki að stytta hann um 50 sm og það mundi breyta heilmiklu.

Það hafa komið fram óskir um að bæta aðgengi á deildum með því að taka burtu millivegg við hillur þar sem leikföng eru geymd og fá lokaða skápa í staðinn fyrir opnar hillur. Það er oft mjög erfitt aðgengi í þessu þrönga skoti og erfitt að hafa skipulag á hlutum.

Það vantar rými fyrir sérfræðipjónustu vegna barna með sérþarfir. Samkvæmt 5. gr. reglugerðar um starfsumhverfi leikskóla (nr 655/2009) þá telst það til nauðsynlegrar lágmarksaðstöðu í leikskólum.

Gólfdukar á Könglalandi og Kvistalandi eru orðnir mjög lélegir og þyrfti að endurnýja.

Það er búið að vera mikið ólag á hitalögninni í stéttinni og ekki haldist þrýstingur. Í byrjun nóvember var gert við leka og skipt um dælu og fleira og þá loksins virkaði lögnin almennilega. Fram að því þurfti að bæta frostlegi reglulega á lögnina til að halda uppi þrýstingi. Við vonumst því til að við séum hætt að dæla frostlegi út í jarðveginn og að kostnaður við rekstur hitalagnarinnar minnki.

Ákveðið var að setja vaska fyrir starfsfólk inni á salernum á deildum, en það hefur ekki komist í framkvæmd ennþá.

Þar sem eldhúsið er lítið og ekki rými til að koma fyrir þeim tækjum sem þarf til að hægt sé að elda með góðu móti fyrir 50 manns þá hefur það að mestu verið nýtt sem móttökueldhús. Á starfstíma Varmahlíðarskóla hefur leikskólinn fengið mat þaðan. Eftir að börnum í leikskólanum fjölgaði í 39 þá var samið við K.S.Varmahlíð um að fá mat frá þeim þegar ekki er eldað í Varmahlíðarskóla. Var sú ráðstöfun í gildi sumarið 2016 og síðastliðinn vetur. Í vor varð ljóst að K.S.Varmahlíð gat ekki lengur sinnt þessari eldamennku. Í sumar var ráðinn starfsmaður til að elda fyrir leikskólann í eldhúsi Varmahlíðarskóla í júní. Eftir er að ákveða hvernig málin verða leyst í vetur þegar frí er í Varmahlíðarskóla, þ.e. í haustfríi, jólafríi, vetrarfríi, páskafríi og sumarfríi. Alls munu þetta vera um 40 dagar á skólaárinu.

Af ofangreindu er augljóst að mjög aðkallandi er að tekin verði ákvörðun um varanlegar úrbætur í húsnæðismálum leikskólans því þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið og óskað hefur verið eftir geta einungis talist bráðabirgðaúrlausnir.

Brýnustu úrlausnarefni eru að:

- Aðskilja kaffistofu og undirbúningasaðstöðu starfsmanna
- Setja upp læsanlegan fataskáp/munahólf fyrir hvern starfsmann.
- Bæta aðstöðu í fataherbergi barna
- Stækka skrifstofu leikskólastjóra
- Finna varanlega úrlausn í mötuneytismálum

#### 4. Fæðismál

Þar sem eldhúsið í Birkilundi er lítið og illa búið tækjum er mjög erfitt að elda þar fyrir 50 manns. Frá hausti 2011 hefur hádegismatur fyrir Birkilund verið eldaður í Varmahlíðarskóla. Það þarf að finna aðrar lausnir í mötuneytismálum fyrir þá daga



sem ekki er eldað í Varmahlíðarskóla. Alls eru það um 40 dagar á ári. Í sumar var ráðinn starfsmaður sem eldaði fyrir leikskólann í eldhúsi Varmahlíðarskóla. Það er þó ekki hægt að ganga að því sem vísu að á hverju ári fái einhver í það starf og því mikilvægt að fundin verð framtíðarlausn í mótuneytismálum leikskólans Birkilundar.

## 5. Starfsrammi

Starfið í leikskólanum mótast af þeim börnum sem þar dvelja, aldri þeirra, þroska og þörfum. Þar sem árgangar eru misjafnlega stórir breytast áherslur eftir því hvernig aldursdreifingin er. Elstu árgangarnir eru sameinaðir í hópastarfi og sameiginlegt val er á Könglalandi og Kvistalandi 2 daga í viku.

Það eru 39 börn í leikskólanum, 17 drengir og 22 stúlkur. Á Reynilandi eru 6 drengir og 5 stúlkur, á Kvistalandi eru 8 drengir og 4 stúlkur og á Könglalandi eru 3 drengir og 13 stúlkur.

Í töflunni um fjölda barna og dvalartíma reiknast viðveran sem meðaltals tímafjöldi á dag miðað við 5 daga vikunnar.

### 5.1. Barnafjöldi og lengd dvalartíma

Fjöldi barna og dvalartími 15.9.2017						viðvera í klst.					Tímar alls
fæðingarár	fjöldi	drengir	stúlkur	stuðningur	annað móðurmál	9	8	7	6	5	
2012	11	1	10	1			4	4	2	1	77
2013	7	2	5	2	1		4	3			53
2014	8	6	2				4	2	1	1	57
2015	9	5	4		1	1	4	3	1		68
2016	4	3	1				2	2			30
alls	39	17	22	0	2	1	18	14	4	2	285

\*fjöldi viðverutíma er jafnaður að næstu heilu tölu (8,5 verður þannig að 9).

Eftir að búið var að fylla í öll pláss hafa borist umskóknir um vistun fyrir eitt 2ja ára barn og eitt 1 árs barn sem eru því á biðlista.

## 5.2. Aðlögun og flutningur milli deilda

Aðlögun fer fram í ágúst og september. Flest börnin nýta plássið fram að sumarlokun samkvæmt reynslu síðasta sumar. Að lokinni sumarlokun hefst aðlögun milli deilda, sem getur tekið 1-2 vikur. Í lok ágúst er síðan hægt að taka yngstu börnin inn í aðlögun. Áætlað er að aðlögun hvers barns taki u.þ.b. viku. Oftast eru tekin 2 börn inn í hverri viku og fer það því eftir fjölda nýrra barna hversu langur tími skólaársins fer í aðlögunina. Ef það eru laus pláss eru börn tekin inn jafn óðum og þau verða eins árs ef foreldrar óska þess, svo fremi að nægur starfskraftur sé til staðar til að sinna þeim.

## 6. Starfsmannahald

Ræstingastaða var minnkuð úr 53% í 50% þar sem reynslan hafði sýnt að sá tími væri nægilegur. Starfsmaður í 100% starfi sagði upp og lausráðinn starfsmaður í 55% og annar í 100% starfi sóttu ekki um endurráðningu. Heimild fékkst til að auka stöðugildi á Reynilandi úr 3,55 upp í 4. Þrír starfsmenn voru ráðnir inn í 100% stöður. Í kjölfarið á því sagði matráður sínu starfi lausu þar sem henni bauðst starf sem losnaði við þessar ráðningar. Sú sem var ráðin í matráðastöðuna byrjaði í veikindaorlofi þar sem hún var fótbrotin. Afleysingastarfsmaður var ráðinn í 2,5 mánuði til að byrja með. Deildarstjóri Könglalands minnkaði við sig úr 90% starfi í 80% og á móti juku tveir starfsmenn á deildinni við sig um 5% hvor.

### 6.1. Fjöldi starfsmanna, starfshlutfall og menntun

Tölur í töflu miðast vð stöðuna 15. sept. 2017	Menntunarstig, fjöldi							
	fjöldi	stöðugildi	Leikskólakennari	Iðjupjálfi	Önnur uppeldism.	Diplomanám	Leikskólaliði	Ófaglærðir
Starfsheiti								
Leikskólastjóri	1	1	1					
Aðstoðarleikskólastjóri								
Leikskólakennari/starfsmaður á deild	10	9,05	4				3	3
Sérkennslustjóri/verkefnastjóri námsaðl.								
Sérkennari/stuðningsaðili								
Starfsmaður í eldhúsi	1	0,6						1
Skólaliði (ræsting + afleysing á deild)	1	0,8						1
Starfsmaður í ræstingu								
Annað								
Alls	13	11,45	5				3	5

## 6.2. Skipurit

### Leikskólastjóri

- stjórnar daglegri starfsemi leikskólans, ber ábyrgð á gerð námskrár, starfsáætlunar og mati á starfsemi leikskólans.
- er faglegur leiðtogi.
- ber ábyrgð á rekstri leikskólans, sér um ráðningu starfsmanna og innritun barna í leikskólann, deilir verkefnum og ábyrgð til starfsmanna og ber ábyrgð á samstarfi og upplýsingagjöf til foreldra.

### Staðgengill leikskólastjóra

- sinnir störfum leikskólastjóra ef hann er fjarverandi um lengri tíma.

### Deildarstjóri

- Vinnur að uppeldi og menntun barnanna.
- Ber ábyrgð á stjórnun, skipulagningu, framkvæmd og mati starfsins á deildinni.
- Annast daglega verkstjórn á deildinni og ber ábyrgð á að miðla upplýsingum innan deildarinnar, milli deilda leikskólans og milli leikskólastjóra og deildarinnar.
- Ber ábyrgð á og stýrir deildarfundum og skipuleggur undirbúningstíma starfsfólks deildarinnar.
- Hefur umsjón með móttöku, þjálfun og leiðsögn nýrra starfsmanna deildarinnar.

### Leikskólakennari

- Vinnur að uppeldi og menntun barnanna.
- Tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs deildarinnar undir stjórn deildarstjóra.

### Leiðbeinandi

- starfar samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara, eftir bestu getu og helst undir handleiðslu leikskólakennara ef því verður við komið.

### Matráður

- tekur á móti hádegismat og framreiðir hann og sér um uppvask og frágang í eldhúsi.
- ber ábyrgð á morgun- og síðdegishressingu og innkaupum á matvælum.
- sér um þvott leikskólans og flokkun úrgangs.

### Ræsting/frágangur í eldhúsi

- sér um frágang í eldhúsi eftir síðdegisdrykk og frágang á þvotti að hluta.
- sér um ræstingu leikskólahúsnæðisins samkvæmt starfslýsingu.

## 6.3. Starfspróunarsamtöl

Starfspróunarsamtal er samtal milli stjórnanda og starfsmanns þar sem rætt er um hvernig starfið hefur gengið, hvað viðkomandi starfsmaður er ánægð/ur með og hvað mætti fara betur. Einnig er rætt um væntingar og óskir starfsmannsins.

Innan þriggja mánaða eftir að starfsmaður hefur störf er hann boðaður í starfsþróunarsamtal til að ræða hvernig gengið hefur á reynslutímanum. Auk þess koma allir starfsmenn einu sinni á ári í starfsþróunarsamtal, venjulegast í mars eða apríl. Áætlaður er klukkutími fyrir hvert viðtal og þau eru boðuð með góðum fyrirvara svo starfsmenn hafi tíma til undirbúnings og íhugunar. Í starfsmannahandbók koma fram þau atriði sem gert er ráð fyrir að rætt sé um í viðtalinu. Hugmyndir, ábendingar og óskir sem fram koma í þessum viðtölum eru nýttar t.d. þegar hugað er að skipulagi næsta starfsárs.

#### 6.4. Símenntunaráætlun

Símenntunaráætlun skólans segir til um það hvaða efni hefur verið fjallað um og hvenær er áætlað að fara í það næst. Áhersluatriði í starfi skólans hafa áhrif á það hvaða efni unnið er með og hversu oft. Sumt þarf að rifja upp á hverju ári, en annað sjaldnar. Þannig höfum við gott yfirlit yfir það hvernig þekkingunni er viðhaldið og einnig hvað kemur nýtt inn.

<b>Símenntunaráætlun Birkilundar</b>	Hve oft	Síðast	Áætlun
SMT - upprifjun fyrir kennara	Á hverju ári	5.9.2017	Haust 2018
Líkamsbeiting og vinnustellingar	Á hverju ári	5.9.2017	Haust 2018
Skyndihjálp	3.hvert ár	15.8.2016	2019-2020
Barnavernd/tilkynningarskylda	3.hvert ár	7.3.2017	2019-2020
Numicon		17.6.2016	
Skólaheimsóknir		16.6.2016	
Læsi í leikskóla		7.10.2014	Haust 2017
Flokkun	Á hverju ári	5.9.2017	Haust 2018
Útikennsla (Lesið í skóginn)		16.8.2012	
Brunavarnir, æfing með slökkvitæki		25.11.2013	
Einingakubbar		19.9.2008	
Tákn með tali		23.11.2015	
Hreyfing		3.10.2014	
Leikur að læra		12.10.2013	
Tónlist		19.9.2008	
Starfsmannahópurinn - jákvæðni		15.8.2016	
Máltaka		9.2.2011	
Einelti		9.2.2011	
Brunaæfing	Á hverju ári	10.10.2017	Haust 2018
Hegðunarstjórnun		15.8.2017	
Innra mat, kynning og æfing		6.10.2017	
Lubbi, kynning og vinnusmiðjur		6.10.2017	

## 7. Áhersluatriði leikskólans

### Markmið Birkilundar

- Að vinna með umhverfið og náttúruna
- Að styðja við frjálsa leikinn
- Að bjóða uppá hreyfingu, útiveru og hollt mataræði
- Að efla félagslega færni
- Að styðja við málörvun og málskilning
- Að örva skapandi starf

Til þess að ná þessum markmiðum er á hverjum degi gefinn góður tími fyrir sjálfsprottinn leik, boðið er upp á fjölbreyttan efnivið til að vinna með, unnið er með sérstök viðfangsefni í minni hópum og við nýtum verkfæri eins og SMT, Tákni með tali, Stig af stigi og Leikur að læra.

### 7.1. SMT

Við notum SMT skólafærni til að skapa gott andrúmsloft og tryggja öryggi og velferð nemenda og kennara. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfa félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð kennara gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun.

Við notum hrós til að sýna börnum jákvæða athygli og til að auka tíðni æskilegrar hegðunar. Við notum skýr fyrirmæli til þess að barnið viti til hvers er ætlast af því. Við tökum barn úr aðstæðum til að styðja það í að tileinka sér æskilega hegðun. Barnið fær alltaf tækifæri til að bæta hegðunina áður en það er tekið úr aðstæðum.

Við höfum gert áætlun um hvenær eigi að kenna hverja reglu og ýmislegt annað sem sinna þarf í sambandi við SMT.

Í skólanum er teymi sem vinnur að framgangi SMT kennslunnar og vinnur úr málum þeirra barna sem þarfnast sérstakrar meðferðar. Reglulega er gerðar skráningar á því ef setja þarf börnum mörk og þannig fæst gott yfirlit yfir það hverju er helst ábótavant og hvaða börn það eru sem við þurfum að huga að. Við getum einnig fylgst með því hversu virkir kennarar eru og hvatt þá áfram sem þess þurfa.

SET listi er matstæki til að meta árangur og uppbyggingu SMT- skólafærni skóla. Listinn er lagður fyrir með viðtölum við börn, starfsfólk og stjórnendur leikskóla, með áhorfi í skólanum sjálfum og með því að greina handbækur og önnur SMT gögn. Niðurstöður listans eiga að hjálpa viðkomandi skóla að þróa, endurskoða og/eða bæta SMT skólafærni í starfinu. Matsþættir SET listans eru eftirfarandi:

#### A. Reglur skilgreindar

- B. Reglur kenndar
- C. Viðbrögð við æskilegri og óæskilegri hegðun
- D. Skipulagt og fyrirsjáanlegt umhverfi
- E. Eftirlit og ákvarðanatáka
- F. Þátttaka foreldra/forsjáraðila
- G. Stjórnun

Viðmið fyrir fullnægjandi SMT skólafærni er að heildarmeðaltal skólans mælist 80% eða meira í matsþáttum. Þegar matsþættir mælast undir 80% ber starfsfólki að ígrunda niðurstöður og setja fram umbótaáætlun.

Áætlun fyrir SMT

	Regla	Annað	Starfsmenn
Ágúst			Upprifjun á SMT fyrir alla kennara
Sept.	Að hafa hendur og fætur hjá sér Annað: brosin kynnt fyrir börnunum	Brosin kynnt fyrir börnunum	1 ½ klst SMT námskeið fyrir nýtt starfsfólk
Okt.	Að ganga inni		Skráningar í 1 viku
Nóv.	Að nota inniröddina	börnunum kennt hvað felst í því að vera tekinn úr aðstæðum	Þríhyrningur fylltur út SET listi lagður fyrir
Des.			
Jan.	Að fara eftir fyrirmælum.		
Feb.	Að ganga frá eftir sig.		Skráningar í 1 viku
Mars	Að þvo sér um hendurnar eftir útiveru og salernisferðir. Að nota hnífapör þegar við borðum. Að reyna að smakka allan mat.		
Apríl			
Maí			
Júní			

## 7.2. Tákn með tali

Tákn með tali er tjáningarform sem byggt er á látbragði, svipbrigðum, táknum og tali. Táknin eru alltaf notuð samhliða töluðu máli og aðeins lykilorð hvernar setningar, eitt eða fleiri, táknuð. Tákn með tali er leið til tjáskipta jafnframt því sem hún örvar málvitund og málskilning barna. Við vinnum með tákn vikunnar og notum táknin líka með söngvum.

## 7.3. Stig af stigi

Stig af stigi er þjálfunarefni sem ætlað er að auka félags- og tilfinningaproska barna. Efnið er notað til að kenna börnum að skilja aðra og láta sér lynda við þá, að leysa úr vanda og byggja upp félagslegan skilning. Börnunum er einnig kennt að hafa stjórn á æsingi og reiði. Börnunum eru sýndar myndir af börnum í mismunandi líkamsstillingum með mismunandi svipbrigði. Þessar myndir eru af ólíkum tilfinningum, gleði, reiði, viðbjóði og fleiru. Tilgangur myndanna er að sýna hvernig svipbrigði og líkamstjáning birtist með hverri tilfinningu. Reynt er að kenna börnum að lesa í tilfinningar og gera sér grein fyrir því að það eru ekki allir eins. Við notum þetta efni með tveim elstu árgöngunum.

## 7.4. Leikur að læra

„Leikur að læra“ eru leikir og æfingar þar sem samþætting hreyfingar við stærðfræði-, bókstafa og hljóða-, lita- og formakennslu er höfð að leiðarljósi. Kennsluáðferðin virkar mjög vel fyrir 2-9 ára börn þar sem hreyfipörfin er mikil. Hreyfing er mannum eðlislæg og öll skynhreyfireynsla eykur varðveislu þekkingar. Hreyfing hefur einnig áhrif á hæfileikann til að varðveita nýja þekkingu eða kunnáttu og endurkalla hana.

Við notum Leikur að læra aðallega í íþróttahúsinu. Kristín Halla notar áðferðina stundum í tónlistarstundunum.

## 7.5. Námskrá

Unnið er eftir aðalnámskrá leikskóla, sem kom út 2011. Skólanámskrá var gefin út árið 2007. Nýjasta útgáfan af henni var gefin út vorið 2016. Hana má finna á eftirfarandi slóð: <http://birkilundur.skagafjordur.is/static/files/Dagatal/2015-2016/namsskra-birkilundar-2016.pdf>. Áætlað er að næsta endurskoðun á námskránni fari fram veturinn 2018-2019.

## 8. Skólastarfið

Skóladagatal þar sem fram kemur hvaða daga leikskólinn er lokaður, hvenær starfsmannafundir eru haldnir og ýmsir viðburðir í skólastarfinu má finna á <http://birkilundur.skagafjordur.is/static/files/gagnabanki/skoladagatal/skoladagatal-2017-2018.pdf> Starfsmannafundir, sem eiga að vera á dagvinnutíma, eru haldnir utan vinnutíma u.þ.b. einu sinni í mánuði. Starfsfólk tók ákvörðun um að hafa fundina eftir vinnu og fá frí jafnmarga tíma á móti. Þess vegna er lokað 2 heila daga vegna starfsmannafunda í stað þess að loka hluta úr degi oft yfir starfsárið til að halda fundina.

Foreldrum verður boðið í kaffi í nóvember. Börnin munu taka þátt í að útbúa veitingar. Jólaball verður haldið í desember, líklegast í setustofu Varmahlíðarskóla. Dagur leikskólans er 6. febrúar. Á þeim degi höldum við upp á afmæli Birkilundar, sem verður 19 ára. Við höfum oft boðið foreldrum í morgunmat af því tilefni og þá boðið upp á hafragraut og þorramat. Á öskudaginn höfum við verið með grímuball og slegið eitthvað úr tunnum. Í tunnunni hefur verið snakk og síðan hefur verið boðið upp á popp. Foreldrum var boðið að koma og fylgjast með börnunum í íþróttahúsinu einu sinni síðasta vetur. Það var erfitt fyrir sum börnin að skilja við foreldrana í lok tímans svo við eigum eftir að taka ákvörðun um hvort þetta verður gert aftur. Síðast í maí höfum við Reykjarhólsdag. Þá er haldið í göngutúr á Reykjarhólinn með þau börn sem við treystum í gönguna. Í vor fóru öll börnin af Könglalandi og Kvistalandi upp á hólinn og borðuðu síðan nesti í Puríðarlundi. Börnin á Reynilandi fóru upp á leikvöllinn við skólann og fengu nesti þar.

Dagskipulagið mótar ramma um starfið. Það er aðeins mismunandi eftir deildum þar sem þarfirnar eru breytilegar eftir aldri barnanna.

### Dagskipulag á Könglalandi

07:45 leikskólinn opnar á Kvistalandi	11:45 hádegismatur
08:00 leikur á deild	12:20 lestur/róleg stund
08:10-8:45 morgunmat/leikur	13:00 útivera
09:00 hópastarf	15:00 síðdegisdrykkur / leikur / samvera
10:00 ávaxtatími	
10:15 leikur/útivist	16:00 deildir sameinast á Könglalandi
11:30 söngur - samverustund	16:15 leikskólinn lokar



Dagskipulag á Kvistalandi

07:45 leikskólinn opnar á Kvistalandi, leikur	11:45 hádegismatur
08:10-8:45 morgunmatur/leikur	12:10 hvíld/samverustund
09:00 hópastarf	13:00 útivera/frjáls leikur
10:00 ávaxtatími	15:00 síðdegisdrykkur
10:15 útivera/leikur	15:30 leikur/samvera
11:25 samvera/söngur	16:00 deildir sameinast á Könglalandi
	16:15 leikskólinn lokar

Dagskipulag á Reynilandi

07:45 leikskólinn opnar, leikur	11:35 hádegismatur
08:20 morgunmatur	12:00 hvíld
09:00 hópastarf/tónlist/íþróttahús	13:00 leikur
09:50 samverustund, ávaxtatími, bleiuskipti	15:00 síðdegisdrykkur
10:15 útvíst	15:20 leikur, bleiuskipti
11:15 börnin koma inn, þvottur, bleiuskipti, samverustund	16:15 leikskólinn lokar

## 8.1. Starfið á Reynilandi

Á Reynilandi í vetur eru 11 börn, 6 drengir og 5 stúlkur. 7 börn eru fædd árið 2015 og 4 börn eru fædd árið 2016.

Við erum í hópastarfi þrjá daga í viku, mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga, kl 9:00-9:50. Börnunum er skipt í þrjá hópa á þrjú svæði í hópastarfi. Kennarar skiptast á að sjá um svæðin viku í senn, þannig að hver kennari sinnir öllum börnunum í hverri viku. Svæðin skiptast í: Innri leikstofuna þar sem *Könnunarleikurinn* skipar stóran sess. *Könnunarleikur* er aðferð sem er skilgreind sem afbrigði náms og er ætluð sem viðbót við fyrri leik barnanna til þess að auðga hann. Könnunarleikur stuðlar að því að barnið finnur út hlutina á sínum eigin forsendum og er unninn í litlum hópum með börnum á aldrinum 1-3 ára. Börn á þessum aldri hafa þörf fyrir að kanna umhverfi sitt og uppgötva eðli og eiginleika hluta á eigin forsendum. Þau örva öll skynfæri og æfa notkun orða og hugtaka. Í leiknum eru notaðir verðlausir hlutir s.s keðjur, lyklar, dósir, lok og annað. Börnin læra að taka saman á skipulagðan hátt þar sem hlutirnir eru flokkaðir og hver hlutur fer í sinn poka. Lögð eru orð á hluti og hugtök s.s. fyrir framan, aftan, undir, yfir, bakvið o.s.frv. Hlutverk kennara er að vera til staðar og fylgjast með leiknum

án afskipta, og kenna börnunum að taka saman. Í fremri leikstofu fer fram myndsköpun þar sem börnin fá útrás fyrir sköpunarþörf sína með einföldum verkefnum. Þar fer líka fram málörvun í gegnum leik, spil, spjall, klappa í atkvæði o.fl. Á ganginum er leikstöð þar sem vinsælast er að leika sér á sparkbílunum, en þar erum við líka oft í byggingaleik og í dýraleik.

Kristín Halla tónlistarkennari kemur til okkar annan hvern miðvikudag og er með okkur í tónlistarstund, þar sem börnin fá að kynna hinum ýmsu hliðum tónlistar. Annan hvern miðvikudag fer eldri árgangurinn, börn fædd 2015 gangandi upp í íþróttahús og hitta þar jafnaldra sína og hin börnin af Kvistalandi. Þessar ferðir miðast við veður og færð.

Á föstudögum leggjum við mesta áherslu á frjálsan leik, útiveru og gönguferðir. Alla daga leggjum við áherslu á góðan tíma fyrir leik, en í leik eflir barnið alhliða þroska sinn sem felst m.a. í líkams-, hreyfi-, tilfinninga-, vitsmuna-, mál- og siðgæðisþroska, félags og siðgæðisvitund.

Alla daga æfum við málþroska í leik og starfi og saman við það spinnst líka sjálfshjálp. Börnin æfa sig í að borða sjálf, klæða sig, pissa í klósett/kopp o.s.frv. Útivera er stór hluti af daglegu starfi, en hreyfing og útivera spila saman.

Alla daga erum við með samverustundir bæði fyrir ávaxtatíma og matartíma, þar sem við syngum saman, lesum og spjöllum. Við förum yfir tákn vikunnar, staf vikunnar og lærum að þekkja litina.

Tákn vikunnar er sett upp á vegg á deildinni og þar er einnig safnað saman fyrri táknum. Við förum yfir táknin á hverjum degi.

Stafur vikunnar tengist lestrarstefnu leikskólans. Við förum yfir staf vikunnar og orð/mynd sem byrjar á staf vikunnar flesta daga. Lestur og skilningur styður við málþroska barnanna, eykur orðaforða og málskilning.

Ragla mánaðarins hangir uppi og reglulega er farið yfir hvað reglan merkir.

## 8.2. Starfið á Kvistalandi og Könglalandi

Á Könglalandi eru 16 börn, 3 drengir og 13 stúlkur. 11 börn eru fædd 2012 og 5 börn 2013. Á Kvistalandi eru 12 börn, 8 drengir og 4 stúlkur. Tvö börn eru fædd árið 2013, átta árið 2014 og tvö árið 2015.

Kennarar leggja mikla áherslu á leikinn enda er hann megin námsleið barna. Leikurinn er börnunum eðlislægur og þau leika sér á sínum eigin forsendum. Í Aðalnámskrá leikskóla stendur: „Í leik geta börn unnið með og gert tilraunir með hugmyndir sínar og öðlast nýjan skilning og nýja þekkingu. Í leik skapast vettvangur þar sem spurningar vakna og börn leysa vandamál sem upp koma, á eigin forsendum.

Í leik eflast vitræni og skapandi þættir. Leikurinn kallar á fjölbreytta notkun tungumálsins, hreyfingu, félagsleg samskipti og tilfinngatengsl. Leikur getur virkjað sköpunarkraft barna og löngun þeirra til að læra og afla sér þekkingar“ (bls. 37).

Það er hópastarf á mánud. þriðjud. miðvikud. og fimmtud. kl 9:00-10:00. Skipt er í hópa eftir árgöngum. Kolbrún og Fanney verða með elsta hópinn, Stjörnuhóp. Í honum eru 11 börn. Linda er með næstelsta hópinn árgang 2013, Bleika eðluhópinn. Í honum eru 7 börn, 5 af Könglalandi og 2 af Kvistalandi. 5 elstu börnin í árgangi 2014 eru saman í hóp og heitir hann Hestahópur 3 börn fædd 2014 og 2 fædd 2015 eru saman í hóp og hann heitir Risaeðluhópur. Kennarar á Kvistalandi vinna með hópana í sameiningu.

Árgangur 2013 fylgist að í hópastarfi, vali og útiveru þó hann skiptist á milli deilda á öðrum tímum.

Í hópastarfinu á miðvikudögum er til skiptis íþróttahúsferð og tónlistarstund. Hanna og Ingibjörg fara með Hesta- og Risaeðluhóp í íþróttahúsið aðra hverja viku og eldri árgangurinn af Reynilandi hittir þau þar. Hina vikuna fara Kolla og Linda með Stjörnuhópinn og Bleika eðluhópinn í íþróttahúsið. Þá viku sem ekki er íþróttahúsferð hjá hópunum er hann í tónlistarstund hjá Kristínu Höllu Bergsdóttur tónlistarkennara.

Á mánudögum milli 10:15-11:15 og föstudögum frá 9:00-11:15 er sameiginlegt val á Könglalandi og Kvistalandi. Þá eru ákveðin verkefni á tiltekin svæði og börnin velja sér svæði eftir því hvað þau vilja leika sér.

Á föstudögum eru börnin af Könglalandi og 2 börn Kvistalandi saman í síðdegishressingu á Könglalandi og eru þar í leik þar til þau fara heim.

Útivera er hluti af daglega starfinu, hreyfing og útivera eru samtengdir þættir. Í öllu starfi með börnunum kappkostum við að efla alhliða proska sem felst m.a. í líkams- og hreyfiþroska, tilfinningaþroska, vitsmunaproksa, málþroska, félagsþroska, félagsvitund, fagurþroska og sköpunarhæfni, siðgæðisþroska og siðgæðisvitund.

Í hópátímum í vetur munu börnin vinna að:

- **Myndsköpun**, þar sem markmiðið er að barnið fái útrás fyrir sköpunarþörf sína, proski með sér einbeitingu og efli samhæfingu handa og augna. Barnið endurspeglar oft í myndverkum sínum þá reynslu sem það hefur upplifað, þær tilfinningar sem bærast með því og það sem því er hugleikið.

- **Tónlist**, þar sem markmiðið er að barnið þroski með sér næmi fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjanda í gegn um söng, hlustun (tónverk, hljóðaspil, ofl), hreyfingu (dans ofl.), hljóðgjafa og hljóðfæri.
- **Málörvun**, þar sem markmiðið er að efla markvisst hljóðkerfisvitund barnanna og búa þau þannig undir lestrarnám. Við notum bókina Markvissa málörvun ofl. og vinnum með þulur, rím, klappa atkvæði, spil, leiki, lestur og ritun.
- **Hreyfingu**, þar sem markmiðið er að barnið fái útrás fyrir hreyfipörf sína og að auka/efla líkamlegt úthald. Til þess notum við leiki, íþróttahús og nánasta umhverfi til að fara í gönguferðir.
- **Félagsfærni**, þar er unnið með **Stig af stigi** og munu 2 elstu árgangarnir fara einu sinni í viku í það.

Við förum í skógarlundinn okkar og ýmiskonar skoðunar- og vettvangsferðir um nánasta umhverfi þegar tækifæri gefst. Þrír elstu árgangarnir fara í fjöruferð, fjórir elstu árgangarnir í sveitaferð, tveir elstu árgangarnir í Glaumbæjarferð og árgangur 2014 í Víðimýrarheimsókn.

### 8.2.1. Elsti árgangur leikskólans

Elsti hópurinn mun a.m.k. fara einu sinni í viku í fjölbreytt skólahóps verkefni. Markmiðið með þessum verkefnum er að bjóða elstu börnunum upp á fjölbreytt og þroskandi verkefni sem stuðla að sjálfstæði og sjálfsþekkingu þeirra og efla með þeim vináttu og samkennd. Leitast verður við að rækta tjáningar og sköpunarmátt barnanna til að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og getu til að leysa mál sín á milli á friðsamlegan hátt. Starfið á að stuðla að því að börnin þjálfist í að vinna saman og sýna öðrum tillitssemi og umburðarlyndi og öðlist færni sem talin er nauðsynleg þegar leikskóla líkur og grunnskólinn tekur við.

Öll þessi vinna hópsins er miðuð við að komið sé til móts við mikla fróðleiksfýsni og aukna getu elstu barnanna, með því að gefa þeim kost á erfiðari viðfangsefnum, sem krefjast meiri einbeitingar og úthalds. Þetta eru ýmis leikskólaverkefni sem byggja á starfsaðferðum og hugmyndafræði leikskóla.

Á hverju hausti er lagt fyrir elstu börn leikskólans próf í leikjaformi, til að kanna hljóðkerfisvitund þeirra. Í þessum leikjum eru börnin að ríma, búa til ný orð og leika sér með orð og hljóð á margan hátt. Þessi leikur að orðum og hljóðum er undanfari lestrarnáms. Hæfnin eða þroskinn til að geta slíkt kallast hljóðkerfisvitund. Prófið gefur vísbendingar um hvaða börn eru líkleg til að eiga síðar í erfiðleikum með lestrarnám. Tilgangurinn með því að nota þetta próf er að

finna þessi börn og þjálf hljóðkerfisvitund þeirra.

Í hópastarfinu er unnið á margvíslegan hátt að þjálfun hljóðkerfisvitundar. Notuð eru verkefni og leikir úr bókunum: Markviss málörvun, Leggðu við hlustir, Ljáðu mér eyra og Tölum saman.

Gaman - saman verkefnið heldur að sjálfsögðu áfram og mun Stjörnuhópurinn vera duglegur að fara í Varmahlíðarskóla til að kynnast skólanum, börnunum, kennurunum og öðru starfsfólki þar. Börnin úr Varmahlíðarskóla verða einnig dugleg að koma til okkar í heimsóknir. Einnig mun Stjörnuhópurinn fara í ýmiskonar skoðunar- og vettvangsferðir m.a. í heimsókn í byggðasafnið í Glaumbæ og elsti hópurinn tekur einnig þátt í Vinadeginum á Sauðárkróki. Starfinu hjá hópnum líkur formlega með útskrift í maí 2018.

### 8.3. Proski og framfarir

Proska barna er metinn með ýmsum matstækjum. Þau helstu sem við notum eru TRAS, Könnun Gerd Strand, Íslenski máhljóðamælirinn og Hljóm-2. Íslenski máhljóðamælirinn er nýtt verkfæri sem verður notað í staðinn fyrir framburðarathugun sem hefur verið í notkun fram að þessu.

**TRAS** er skráning á málproska ungra barna. Barnið er fyst metið þegar það er rúmlega tveggja ára og síðan á hálfis árs fresti fram að 5 ára aldri. Skráningin gefur vísbendingar um hvar barn er státt í málproska á ákveðnum tímamarki og hvernig málproska þess þróast.

**Könnun Gerd Strand** er huglægur matslisti og þar sem eftirfarandi færniþættir eru metnir: Gróf- og fínhreyfingar, hegðun, mál- og tal, virkni, samskipti og þekking. Könnunin miðast við 4 ára meðalnemanda og er ætlað að gefa kennara skýrari mynd af stöðu nemandans.

**Íslenski máhljóðamælirinn** er skimunartækni í spjaldtölvu. Með forritinu er unnt að skima og forprófa framburð íslensku máhljóðanna og meta skiljanleika tals um leið og forritið greinir sjálfkrafa helstu hljóðkerfisþætti í framburði.

**Hljóm-2** er athugun á hljóð- og málvitund barna. Hún er lögð fyrir elsta árgang leikskólans í september/október. Athugunin gefur vísbendingar um hvaða börn eru líkleg til að lenda í lestrarerfiðleikum síðar. Tilgangurinn með því að leggja hana fyrir er að finna þessi börn og vinna með þau til að draga úr líkum á þessum erfiðleikum.

## 9. Samstarf leik- og grunnskóla

Löng hefð er fyrir heimsóknnum leikskólabarna í Varmahlíðarskóla. Einnig höfum við haft aðgang að íþróttahúsinu í Varmahlíð á þeim tíma sem sundkennsla grunnskólanemenda fer fram. Frá árinu 2007 hafa Birkilundur og Varmahlíðarskóli verið í samstarfsverkefni: Gaman saman. Hefur það stuðlað að auknum samkiptum nemenda og kennara þessara skóla.

### 9.1. Gaman saman

Gaman saman er samstarfsverkefni Birkilundar og Varmahlíðarskóla sem ætlað er að skapa grundvöll fyrir félagslegum samskiptum á milli eldri og yngri barna og gefa leikskólabörnunum kost á að kynnst bæði húsnæði og kennurum Varmahlíðarskóla. Markmið þess er einnig að skapa tengsl og aukinn skilning milli starfsmanna skólanna.

Í vetur munu elstu börn leikskólans, fara í heimsóknir í alla bekkir í Varmahlíðarskóla í ýmsar kennslugreinar og kynnst þannig húsnæði, nemendum og kennurum grunnskólans. Allir bekkir Varmahlíðarskóla koma í heimsóknir í leikskólann, sem skapar meiri tengingu milli leikskólabarna og grunnskólanemenda. Kennarar fylgja nemendum í heimsóknir og verða því meðvitaðri um starfið sem fram fer í hvorri skólaflokkun fyrir sig. Kennari úr Birkilundi mun fylgjast með starfi í 1. bekk hluta úr degi og kennari úr Varmahlíðarskóla kemur í Birkilund og fylgist með starfinu hjá elstu börnunum. Foreldrum elstu barna leikskólans verður boðið með í eina heimsókn í Varmahlíðarskóla. Þá verður gengið um skólann og litið við í ýmsum stofum.

Síðastliðinn vetur var efnt til samveru starfsfólks skólanna sem heppnaðist mjög vel. Stefnt er að því að eitthvað svipað verði gert í vetur.

## 10. Stoðþjónusta

Málefni leikskóla heyra undir Fjölskylduþjónustu Skagafjarðar og fræðslunefnd. Fræðslustjóri hefur yfirumsjón og eftirlit með faglegu starfi og rekstri leikskóla. Leikskólarnir hafa aðgang að sérfræðiþjónustu frá fræðsluskrifstofu s.s. talmeinafræðingi, uppeldis- og sálfræðiráðgjafa, sálfræðingi og skólafulltrúa.

Ef leikskólinn getur ekki leyst úr þeim frávikum sem upp koma varðandi börnin þá fer í gang ferli þar sem barni er vísað áfram til viðkomandi sérfræðings. Send er inn beiðni með undirskrift foreldra og leikskólustjóra.

Starfsmenn geta sótt stuðning til skólafulltrúa sem er tengiliður bæði leik- og grunnskóla.

## 11. Foreldrasamstarf

Mikilvægt er að halda góðum tengslum við foreldra. Við höfum dagleg samskipti þegar komið er með börnin og þau sótt. Til þess að skapa meiri tengsl og gefa foreldrum vettvang til að koma sínum málum á framfæri og hafa tækifæri til þess að segja sitt álit á þeim áætlunum sem leikskólinn setur fram þá starfar bæði foreldrafélag og foreldraráð við leikskólann.

### 11.1. Foreldrafélag

Foreldrafélag Birkilundar styður við starfið á ýmsan hátt, t.d. með því að aðstoða starfsfólk við ýmis tækifæri í leikskólanum, vinna að framgangi mála í samvinnu við starfsfólk og einnig með kaupum á kennsluefni og öðru sem nýtist í starfinu. Síðastliðinn vetur var stjórnin þannig skipuð: Guðrún Ólafsdóttir formaður, Sigurlína Einarsdóttir gjaldkeri, Ragnheiður Brynjólfsdóttir ritari, Anna Lilja Guðmundsdóttir og Gunnhildur Gísladóttir meðstjórnendur. Á fundi 10. Október hættu Guðrún og Ragnheiður í stjórninni. Lilja Rún Bjarnadóttir gaf kost á sér í stjórnina og Atli Gunnar Arnórsson var tilnefndur af fundarmönnum.

### 11.2. Foreldraráð

Foreldraráð er skipað þremur fulltrúum foreldra, sem kosnir eru að hausti. Foreldraráð fær til umfjöllunar og umsagnar áætlanir leikskólans um starf og skipulag. Má þar nefna skóladagatal, starfsáætlun, námskrá og önnur rit sem leikskólinn gefur út. Fulltrúar í foreldraráði eru Kristín Halla Bergsdóttir, Ólöf Ólafsdóttir og Sigríður Fjóla Viktorsdóttir.

### 11.3. Foreldrafundir og -viðtöl

Almennur foreldrafundur er haldinn á haustin, að þessu sinni þriðjudag 10. október kl 20:00-22:00. Þar er farið yfir áherslupunkta í starfi leikskólans og foreldrum gefinn kostur á að koma með fyrirspurnir og athugasemdir. Að loknum fundi á vegum leikskólans er aðalfundur foreldrafélagsins. Foreldraviðtöl, þar sem deildarstjóri eða kennari barnsins fer yfir stöðu barnsins með foreldrum, verða í febrúar og mars. Auk þess verður foreldrum gefinn kostur á að skrá sig í viðtöl í október eða nóvember ef þeir óska þess.

## 12. Sérstök verkefni

Læsisstefna Skagafjarðar var gefin út í sumar og verður lögð áhersla á það í vetur að nýta hana til þess að auka vægi læsis.

## 13. Innra mat

Í leikskólanum Birkilundi er lögð áhersla á að meta alla þætti skólastarfsins kerfisbundið. Matið er unnið skv. skoskri sjálfsmatsaðferð sem kallast *How good is our early learning and childcare?* og gefin var út í Skotlandi árið 2016. Starfsmenn Fræðslupjónustu Skagafjarðar þýddu aðferðina yfir á íslensku og nefnist hún *Hversu góður er leikskólinn okkar?* Íslenska þýðingin var gefin út í september 2017. Innleiðing á aðferðinni hófst á haustþingi starfsmanna leikskólanna í Skagafirði í byrjun október sl. Um árabíl notaði skólinn matsaðferðina *Barnið í brennidepli* sem var forveri þessarar nýju útgáfu, en byggir á sömu hugmyndafræði. Áætlun um innra mat er sett fram til þriggja ára í senn. Matsaðferðin er bæði samstarfsmiðuð og umbótamiðuð. Gert er ráð fyrir þátttöku allra starfsmanna í matinu eftir því sem við á.

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir matsþætti skv. sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er leikskólinn okkar?*, sem ráðgert er að leggja fyrir til mats og umbóta á næstu þremur árum. Lykilþættirnir þrír úr efninu eru auðkenndir með fjólubláum, bláum og grænum lit. Jafnframt er hægt að sjá yfirlit yfir hvenær kannanir Skólapúlsins eru lagðar fyrir svo og hvenær ráðgert er að skýrslur um skólastarf séu birtar.

### Matsáætlun fyrir Birkilund

Skólaár	2017-2018	2018-2019	2019-2020
<b>Haustönn</b>			
	gg. 2.7 Samstarf	gg. 3.2 Þroski og framfarir leikskólabarna	gg. 3.3 Sköpun og leikni/færni
	gg. 2.1 Vernd barna	gg. 2.3 Nám, kennsla og mat	gg. 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun
	gg. 2.4 Einstaklingsmiðun	gg. 2.5 Þátttaka fjölskyldna í leikskólastarfi	gg. 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni
<b>September</b>	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatsskýrsla
<b>Nóvember</b>	Starfsáætlun	Starfsáætlun	Starfsáætlun



<b>Vorönn</b>			
	gg. 1.3 Breytingastjórnun	gg. 1.2 Forysta í leikskólastarfi	gg. 2.2 Skólanámskrá
	gg. 3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar	gg. 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat	gg. 2.6 Samfella í skólastarfi
<b>Febrúar</b>	Starfsmannakönnun Skólapúlsins		Starfsmannakönnun Skólapúlsins
<b>Mars</b>		Foreldrakönnun Skólapúlsins	
<b>Ágúst</b>			

Foreldrakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í fyrsta skipti í leikskólanum Birkilundi í mars 2017. Ráðgert er að starfsmannakönnun Skólapúlsins verði lögð fyrir í Birkilundi í fyrsta sinn í febrúar 2018. Allir leikskólarnir þrír í Sveitarfélaginu Skagafirði eru nú þátttakendur í Skólapúlsinum auk grunnskólanna í Skagafirði. Vefkerfi Skólapúlsins hýsir bæði verkefni Skólapúlsins og verkefni Skólavogarinnar. Skólavogin er tæki sem mörg sveitarfélög nýta, þ.á.m. Sveitarfélagið Skagafjörður. Kerfið heldur m.a. utan um ýmsar rekstrarupplýsingar um skólastarfið og skilar m.a. samanburði á viðhorfi foreldra/forsjáraðila og starfsmanna í leikskólum við aðra leikskóla landsins í gegnum kannanir Skólapúlsins. Á vef Skólapúlsins má nálgast nánari upplýsingar um aðferðafræðilegar aðferðir vefkerfisins, sjá hér: <http://skolavogin.is/um/>

#### 14. Ýmsar áætlanir

Viðbragðsáætlun vegna innflúensufaraldurs:

<http://birkilundur.skagafjordur.is/static/files/hagnytar/vidbragdsaaetlun-birkilundar.pdf>

Fylgiskjöl:

Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldrráðs

## Fylgiskjal 1

**Starfsáætlun Birkilundar****Umsögn foreldraráðs fyrir skólaárið 2017-2018****Foreldraráð leikskólans skipa:**

Kristín Halla Bergsdóttir

Ólöf Ólafsdóttir

Sigríður Fjóra Viktorsdóttir

**Um starfsáætlun leikskóla**

Samkvæmt lögum um leikskóla nr.90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin skal fá umsögn foreldraráðs áður en fræðslunefnd tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Í starfsáætlun skal fjalla nánar um starfsemi leikskólans, svo sem skóladagatal, foreldrasamstarf, sjálfsmat og umbótaáætlanir, tengsl leikskóla og grunnskóla, stoðþjónusta, fyrirkomulag öryggis- og slysavarnamála, félagslíf og ýmsar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla.

**Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr.2.mgr.4.gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

**Umsögn foreldraráðs:**

Starfsáætlun leikskólans Birkilundar er vel unnin og yfingripsmikil. Allir þeir þættir sem skylt er að greina frá koma skilmerkilega fram.

Áhersluatriði og markmið í starfi Birkilundar eru metnaðarfull og vel fram sett. Leikskólinn Birkilundur nýtir verkfæri eins og SMT, Tákn með tali, Stig af stigi og Leikur að læra til að ná markmiðum sínum. Leikskólinn er sjálfstæður SMT-skóli. Gott samstarf er á milli leikskólans Birkilundar og Varmahlíðarskóla og unnið að framþróun þess undir heitinu „Gaman saman“. Unnið er markvisst að því að auka vægi læsis í leikskólanum og búa börn undir lestrarnám.

Leikskólinn Birkilundur er góður staður þar sem vel er hugsað um börnin okkar og vitað að þau eru í góðum höndum.

Í mörgum fyrrum umsögnum foreldraráðs hefur ítrekað verið bent á að verulega er þörf á úrbótum í húsnæðismálum leikskólans. Aðstaða fyrir börnin okkar, starfsfólk og foreldra er og hefur verið í langan tíma engan veginn fullnægjandi og algjörlega ljóst að bæta þarf úr fjölmörgum atriðum hvað varðar rými og aðbúnað, vinnuaðstæður og öryggi. Vinnueftirlitið var kallað til nú aftur í haust og staðfestir að ekki hafa verið gerðar úrbætur á öllum þeim atriðum sem gerðar voru athugasemdir við árið 2013 eða fyrir 4 árum síðan ! Þetta er algjörlega óásættanlegt.

Líkt og kemur fram í starfsáætluninni 2017-2018 undir lið 3.4 (Nauðsynlegt viðhald og endurbætur) eru ýmis atriði sem þarf nauðsynlega að lagfæra varðandi húsnæði skólans. Því hvetur foreldraráð Birkilundar sveitarfélögin í Skagafirði og fræðslunefnd að ekki verði enn og aftur litið framhjá þessum kröfum um endurbætur og að metnaður verði lagður í að undirbúa næstu skref og taka ákvarðanir svo að aðbúnaður og starfsumhverfi barna okkar og starfsfólks leikskólans verði í takt við þær kröfur sem gerðar eru til slíkrar starfsemi í dag.

Virðingarfyllt

23.nóvember 2017

Kristín Halla Bergsdóttir  
Ólaf Ólafsdóttir  
Sigrún Víkileesd